Námsgrein: Textílmennt 1.-4. bekkur

Kennari: Dóra Fjóla Guðmundsdóttir

Tímafjöldi á viku: 2-3 klukkustundir á viku í nokkrar vikur.

Kennsluaðferðir og skipulag: Í listgreinum er kennt í stöðvum þar sem nemendur eru í hverri listgrein í 8-11 vikur. Í textíl vinna nemendur tvö skylduverkefni yfir tímabilið. Þegar þeim er lokið þá hafa þeir frjálst val um önnur verkefni.

Námsmat: Símat, virkni og þátttaka í kenslustundum.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur þjálfa sjónrænt og verklegt læsi með því að lesa og fylgja leiðbeiningum, túlka mynstur og tákn, sem styrkir skilning og tjáningu á fjölbreyttum miðlum.
Sjálfbærni	Nemendur læra að nýta efni á ábyrgðan hátt, endurnýta og huga að umhverfisvænum valkostum. Fjallað er um áhrif framleiðslu og neyslu á náttúru og samfélag.
Heilbrigði og velferð	Lögð er áhersla á jákvæða upplifun, þolinmæði og einbeitingu í skapandi vinnu, sem stuðlar að andlegri vellíðan og sjálfstrausti. Einnig er hugað að líkamsbeitingu og öryggi við vinnu.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur læra að vinna saman, tjá sig og virða skoðanir annarra. Þeir fá tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku varðandi eigin verkefni og vinnuaðferðir.
Jafnrétti	Allir nemendur fá jöfn tækifæri til þátttöku óháð kyni, uppruna eða hæfni. Fjallað er um hlutverk kynja í handverki og textíl í sögulegu og nútímalegu samhengi.
Sköpun	Nemendur fá tækifæri til að þróa eigin hugmyndir og útfæra þær með fjölbreyttum aðferðum og efniviði. Sköpunargleði og frumleiki eru í forgrunni.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Verkefnalýsing	Hæfniviðmið/Markmið
1.bekkur: • búa til óróa • teikna mynd og líma garn/efni á.	• Að nemendur kynnist nokkrum gerðum textílefna og læri að vinna með þau.
2. bekkur • sauma bangsa • blautþæfa kúlur og búa til óróa með greinum • fingraprjón	• Að nemendur læri að sauma með nál og að þræða, • Að nemendur kynnist eiginleikum ullarinnar og læri að þæfa hana með vatni og sápu og búa til kúlur og gera óróa úr þeim. • Að nemendur læri að meðhöndla alls konar garn.
3. bekkr • sauma út mynd • sauma sól/ský úr filtefni • hekla vinaarmbönd	• Að nemendur læir að telja út og sauma í java, æfi sig að þræða nál. • Að nemendur skapi verkefni eftir sínu höfði og finni út hvernig þeir vilja skapa sitt verk. • Að kynnast grunni í hekli.
4. bekkur • vefa • sauma púða í saumavél með útsaumsmynd	• Að nemendur kynnist vefnaði, • Að nemendur skapi sína mynd í útsaumi og kynnist vinnu við saumavél.

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

4 – Menntun fyrir alla

Að allir nemendur fái tækifæri til að kynnast textílhandverki og efla verklega færni. Verkefni, áhöld og stuðningur eru aðlöguð að þörfum nemenda eftir því sem við á.

12 – Ábyrg neysla og framleiðsla

Að nemendur læri að nýta efni vel, nota efnisafganga í ný verkefni og gera við fatnað. Þannig kynnast þeir leiðum til að draga úr sóun.